

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-92/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á viðgerðarþjónustu við bifreið, sem hún keypti af tveimur aðilum; Y, hér eftir einnig nefnt seljandi og Z, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst þess að aðallega að seljandi og gagnaðili kaup af henni bifreiðina sem um ræðir í málinu fyrir tiltekna fjarlægð, ásamt því að greiða sér skaðabætur. Til vara krefst álitsbeiðandi skaðabóta, en til þrautarvara úrbóta, auk skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 15. desember sl., gaf kærunefndin seljanda og gagnaðila kost á andsvörum og bárust þau hinn 11. og 12. janúar sl. Með bréfi, dags. 19. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 4. febrúar. Með bréfi, dags. 12. febrúar, var seljanda og gagnaðila gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust andsvör frá gagnaðila hinn 19. febrúar, en engin andsvör bárust frá seljanda. Með bréfi, dags. 19. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum við andsvör gagnaðila og bárust þær hinn 4. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að álitsbeiðandi og maki hennar eiga saman bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Nissan Patrol, árgerð 2003. Í júlí 2014 varð álitsbeiðandi vör við bilun og var bifreiðinni komið strax á bifreiðaverkstæði nefnds seljanda, þ.e. hinn 18. júlí 2014. Á verkstæðinu kom í ljós bilun í túrbínu og var skipt um hana, sbr. reikning seljanda, dags. 14. ágúst 2014, að fjárhæð kr. 515.694. Hafði bifreiðinni þá verið ekið um 220.000 km. Eftir viðgerðina var bifreiðinni ekið um 1.500 km en þá kom aftur upp bilun í túrbínu. Segir álitsbeiðandi ekki ágreining um að sú bilun kom fram innan ábyrgðartíma. Ákvað seljandi að leita aðstoðar hjá örðu verkstæði, nefndum gagnaðila, vegna sérfræðipækkingar þess aðila á bifreiðum að umræddri gerð. Var bifreiðin til meðferðar hjá gagnaðila en síðan afhent álitsbeiðanda gegn greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 171.835, dags. 17. nóvember 2014. Var bifreiðinni síðan ekið 600 km, en bilaði þá aftur. Var bifreiðin aftur tekin á verkstæði og afhent aftur til álitsbeiðanda. Bilaði bifreiðin síðan í fjórða skiptið, eftir um 10.000 km akstur og segist álitsbeiðandi aðeins fá þær skýringar að alltaf sé um sambærilega bilun að ræða, þ.e. í túrbínu. Segir álitsbeiðandi og að frá því að bifreiðin bilaði í fjórða skipti hafi hvorki seljandi né gagnaðili reynt að leysa málið og hafi það haft veruleg óþægindi í för með sér fyrir álitsbeiðanda, sem og afnotamissi af bifreiðinni, sem hafi aftur leitt til tekjumissis, þar sem álitsbeiðandi hugðist nota bifreiðina að hluta til við vinnu. Telur álitsbeiðandi að málið falli undir lög nr. 42/2000 um neytendakaup, þar sem hún sé einstaklingur og því neytandi í skilningi þeirra laga. Sem fyrr segir er aðalkrafa álitsbeiðanda sú að seljandi og gagnaðili kaupi af henni bifreiðina xx-000 fyrir kr. 1.500.000 ásamt því að greiða sér skaðabætur að

fjárhæð kr. 3.118.749, sem samsvari beinu og afleiddu tjóni álitsbeiðanda vegna málsins. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að seljandi og gagnaðili greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 3.118.749 og til þrautarvara gerir álitsbeiðandi þá kröfu á seljandi og gagnaðili geri við bifreiðina, ásamt því að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 2.431.220.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningum þeim sem vísað er til hér að ofan, ásamt afriti af nokkrum millifærslukvittunum og reikningum vegna leigu álitsbeiðanda á bifreiðum, fyrir umtalsverðar fjárhæðir, á þeim tíma sem hennar bifreið var ekki til reiðu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, sem rituð eru af tryggingafélagi seljanda, kemur m.a. fram að í umræddu máli sé ljóst að túrbína bifreiðarinnar hafi bilað ítrekað eftir að skipt var um hana. Margar ástæður geti valdið því að túrbína bili. Mistök starfsmanna seljanda við viðgerðina eru vissulega einn af þeim þáttum sem geta orsakað bilun. Hins vegar geti ástand bifreiðarinnar að örðu leyti, svo sem tæring vélarhluta og olíuverks, einnig valdið bilunum, sem og meðferð á bifreiðinni almennt. Bendir seljandi á að samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar sé það tjónþola, álitsbeiðanda, að sýna fram á orsök tjónsins og að sanna orsakatengsl milli þess og háttsemi seljanda. Álitsbeiðandi hafi ekki aflað ganga eða látið framkvæma mat sem sýni fram á að tjón álitsbeiðanda verði rakið til sakar seljanda. Telur seljandi því að líta veðri á sem svo að ósanað sé hvað olli ítrekuðum bilunum í túrbínunni.

V

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum, rituðum af lögmanni gagnaðila, kemur m.a. fram að félagið hafi séð um seinni viðgerðina sem álitsbeiðandi kvartar undan. Hafi legið fyrir frá upphafi að tryggingafélag nefnds seljanda myndi greiða fyrir þá viðgerð, eða öllu heldur mat á viðgerð nefnds seljanda, sem og athugun á ástandi bifreiðarinnar almennt. Gagnaðili skoðaði bifreiðina vel, opnaði vél, framkvæmdi skoðun á helstu íhlutum vélarinnar með hliðsjón af viðgerðarbók framleiðanda, setti vélina aftur saman með nýjum stimpilhringjum og setti nýja túrbínu í. Örfáum dögum eftir viðgerðina, þegar búið var að aka bifreiðin um 600 km, bilaði túrbínan aftur. Var bifreiðin þá tekin aftur til viðgerðar, ný „orginal“ túrbína frá framleiðanda sett í hana og dugði sú viðgerð í u.þ.b. hálf ár og 10.000 km akstur, en þá gaf túrbínan sig aftur. Var bifreiðin þá skoðuð, olíupanna tekin undan vél og sigti, en engar stíflur hafi verið sjáanlegar og kom smurólía vel út úr rannsókn. Segir gagnaðili að ekki hafi tekist að finna orsakavaldinn fyrir ítrekuðum bilunum á túrbínunni. Hins vegar ætti ekki að koma á óvart að við ítarlega skoðun á 12 ára gamalli bifreið, sem ekin sé vel á þriðja hundrað þúsund kílómetra, komi ýmislegt annað í ljós. Þannig voru ýmsir íhlutir vélarinnar farnir að slitna og að öllum líkindum stutt í stórar bilanir. Álitsbeiðanda hafi verið bent á þessa annmarka og óskaði hún eftir því að sumir íhlutir yrðu endurnýjaðir. Segir gagnaðili að álitsbeiðandi hafi greitt fyrir útlagðan kostnað vegna efniskaupa í tengslum við þetta, en hafi enn sem komið er ekki verið rukkuð um vinnu vegna þeirra viðgerðar, sem hlaupi á tugum þúsunda. Að öðru leyti hafi álitsbeiðandi ekki greitt gagnaðila fyrir umræddar skoðanir og viðgerðir, þar sem tryggingafélag nefnds seljanda hafi staðið straum af þeim kostnaði. Segir gagnaðili einnig að kröfur álitsbeiðanda komi sér frekar á óvart, þar sem eiginmaður álitsbeiðanda, sem gagnaðili hafi helst verið í samskiptum við vegna bifreiðarinnar, hafi komið með bifreiðina á verkstæði sitt eftir að túrbínan gaf sig í síðasta skipti, skilið hana þar eftir og ekki svarað símtölum eða tölvupóstum um hvað eigi að gera við bifreiðina. Því hafi álitsbeiðandi ekki gert neina tilraun til að finna laust á vandamálinu áður en hún leitaði til kærunevndarinnar.

Rekur gagnaðili það næst að hann telji að álitsbeiðnin falli utan við valdsvið kærunevndarinnar en í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segi að lögin eigi

aðeins við ef einstaklingur er kaupandi þjónustu og kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Það sé hins vegar ljóst af greinargerð álitsbeiðanda auk framlagðra skjala, að nýta átti bifreiðina í ferðapjónustu enda hafi álitsbeiðandi verið skráð einstaklingur í atvinnurekstri hjá yfirvöldum í um 4 ár.

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda og gagnaðila

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda og gagnaðila kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafnar því að álitsbeiðandi eða maki hennar hafi ekki reynt að finna lausn á málinu áður en leitað var til kærunefndarinnar. Þá telur álitsbeiðandi að aldur bifreiðarinnar komi málinu ekki við, málið snúist um bilun í nýrri túrbínu, en ekki um slithluti bifreiðarinnar almennt. Ítrekar álitsbeiðandi að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi við í málinu, álitsbeiðandi sé einstaklingur og þannig neytandi í skilningi laga, ólíkt því sem gagnaðili haldi fram. Komið hafi fram í álitsbeiðninni að álitsbeiðandi hafi verið neytandi þegar bilun kom upp í bifreiðinni. Þá drepur álitsbeiðandi á því að sérkennilegt sé að tryggingafélag nefnds seljanda hafi tekið til andsvara fyrir seljanda í málinu.

VII

Frekari andsvör gagnaðila

Í frekari andsvörum gagnaðila er m.a. ítrekuð sú krafa að málinu skuli vísað frá nefndinni þar sem yfirgnæfandi líkur séu á því að bifreið álitsbeiðanda hafi verið nýtt í þágu atvinnurekstrar álitsbeiðanda þegar viðskipti aðila máls áttu sér stað. Ítrekar gagnaðili og að félagið hafi ítrekað reynt að leysa úr málinu, en álitsbeiðandi hafi ekki sýnt vilja til þess. Þá er ítrekað að gagnaðili hafi ekki þegið neinar greiðslur frá álitsbeiðanda vegna viðgerðanna sem deilt sé um og að það hafi verið tryggingafélag seljanda sem leitaði upphaflega til gagnaðila vegna málsins, en ekki álitsbeiðandi.

VIII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda eru ítrekaðar upphaflegar kröfur og hafnar því næst fullyrðingum gagnaðila um að „yfirgnæfandi líkur“ séu til staðar um að álitsbeiðandi falli utan við kærueimildir til nefndarinnar. Þær fullyrðingar séu rakalaus áburður og þeim hafnað sem ósönnum. Þá hafnar álitsbeiðandi því að hún hefi ekki reynt að ná sáttum í málinu.

IX

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Mál þetta snýr að viðgerðarþjónustu sem álitsbeiðandi keypti af seljanda og gagnaðila vegna bifreiðar sinnar, xx-000, í júní og nóvember 2014. Er útlagður kostnaður álitsbeiðanda vegna framangreindra viðgerða kr. 687.529. Er aðalkrafa álitsbeiðanda sú að seljandi og gagnaðili kaupi af henni bifreiðina xx-000 fyrir kr. 1.500.000 og greiði henni að auki samtals kr. 3.118.749 í skaðabætur. Samanstendur sú fjárhæð annarsvegar af útlögðum viðgerðarkostnaði en hins vegar, þ.e. kr. 2.431.220 vegna útlagðs kostnaðar álitsbeiðanda þar sem hún hefur ekki getað nýtt bifreiðina í eigin þágu og í atvinnuskyni. Varakrafan er bótakrafa að fjárhæð kr. 3.118.749 og þrautarvarakrafa álitsbeiðanda er krafa um úrbætur og greiðslu bóta að fjárhæð kr. 2.431.200, sem er, eins og áður er rakið, útlagður kostnaður

álitsbeiðanda. Af gögnum sem fylgdu álitsbeiðni á ráða að í flestum tilvikum sé umræddur kostnaður vegna leigu á bifreiðum.

Í andsvörum gagnaðila er vakið máls á því að álitsbeiðandi sé einstaklingur í atvinnurekstri, nánar tiltekið í ferðaþjónustu, og umrædd bifreið hafi verið notuð í þeirri starfsemi. Samkvæmt stuttlegri athugun kærunefndarinnar hefur álitsbeiðandi verið skráð hjá Ríkisskattstjóra sem einstaklingur í atvinnurekstri frá 1. maí 2012 og starfsemin skráð með ÍSAT númerið x, þ.e. „Önnur bókanarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu“. Maki álitsbeiðanda og meðeigandi umræddrar bifreiðar, A er einnig skráður sem einstaklingur í atvinnurekstri og hefur verið það frá 1. ágúst 2007. Er ÍSAT númer starfseminnar x þ.e., „ferðaskrifstofur“. Til heimilis á sama stað og álitsbeiðandi og maki hennar, þ.e. að xx, er skráð, skv. vefsíðu Ferðamálastofu ferðaskipuleggjandi undir nafninu „B“. Hefur ferðaskipuleggjandinn haft leyfi, skv. lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála, til að skipuleggja ferðir frá því 30. september 2009. Á heimasíðu B kemur fram að boðið sé upp á „frá 2004, ýmsa ferða, stutta og langa, í boði fjölbreytt þjónusta. Við erum með bíla fyrir 2-14 farþega [...] einnig bjóðum við uppá jeppa-safari á stórum jeppum.“ Á vefsíðunni er síðan vísað á símanúmer sem skráð er á téðan A.

Bifreiðina sem málið snýst um keypti álitsbeiðandi hinn 20. september 2010, en bifreiðin er fyrst skráð 27. febrúar 2003. Er bifreiðin breytt jeppabifreið. Samkvæmt skoðunarferli bifreiðarinnar var henni ekið um 23.000 km frá 16. júní 2011 til 21. júní 2012. Þá var henni ekið um 22.000 km frá 21. júní 2012 til 12. apríl 2013. Skv. upplýsingum frá Samgöngustofu má nefna til samanburðar að meðalakstur díselbifreiða á þessum árum var um 15.000 km á ári og var því akstur bifreiðarinnar nokkuð nærri því. Frá 12. apríl 2013 til 12. maí 2014 var bifreiðinni hins vegar ekið um 42.000 km, á rétt rúmu ári, og ef marka má gögn málsins var bifreiðinni ekið um 14.000 km frá 12. maí 2014 til 17. nóvember s.á., þrátt fyrir að bifreiðin hefði eytt töluverðum tíma á verkstæðum á því tímabili.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segir m.a.: „Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi [...]. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar: „Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Af því sem rakið er hér að framan um atvinnustarfsemi álitsbeiðanda og maka hennar verður að telja mikinn vafa leika á því að viðgerðarþjónusta sú er álitsbeiðandi óskaði eftir í júlí 2014 hafi ekki verið í tengslum við atvinnustarfsemi hennar og maka hennar, þ.e. að bifreiðin sem um ræðir hafi á þeim tímabili verið notuð í ferðaþjónustu álitsbeiðanda, sem hún hefur skv. áður nefndri vefsíðu rekið síðan 2004, en í síðasta lagi, skv. skráningu Ríkisskattstjóra, frá því 1. maí 2012. Í málinu hvíldi það eðlilega á álitsbeiðanda að sýna fram á það að svo hafi ekki verið eftir að annar seljenda þjónustunnar sem deilt er um vakti máls á því í andsvörum sínum. Það var ekki gert með fullnægjandi hætti að mati nefndarinnar. Er því ekki ljóst að viðskipti álitsbeiðanda við seljendur falli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Viðskiptin falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi álitsbeiðanda og gagnaðila ekki skotið til kærunefndar lausafjár og þjónustukaup með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kærunefndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

X

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir